

Stofnanasamningur
milli
Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI) og
SFR um reglur um röðun starfa.

(skv. ákvæðum í kjarasamningi SFR og SFH 9. september 2005)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá þeim stofnunum sem eru aðilar að þessu samkomulagi.

2. Starf flokkar

Launakerfið byggir á eftirfarandi starf flokkum, hjá félagsmönnum SFR.

- | | | |
|---|---|--|
| 1 | Vaktmaður
Næturvörður
Síma vörður
Bókavörður
Saumakona
Sérh.sStarfsmaður | Almenn störf. Starfið felst fyrst og fremst í störfum sem að jafnaði eru unnin samkvæmt fyrirmælum annarra. |
| 2 | Bókari
Læknaritari
Yfirlæknaritari
Þjónustustjóri
Ritari/hjúkrunarforstjóra
Móttökuritari
Innlagna fulltrúi
Matráðsmaður
Skrifstofumaður
Gjaldkeri/síma vörður
Málningarviðhald fasteigna | Starfið getur falist í umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina. |
| 3 | Aðalféhirðir
Launa fulltrúi
Ræstingarstjóri
Garðyrkjustjóri | Starfið felst fyrst og fremst í að hafa umsjón með verkefnum og/eða málaflokkum. Í starfinu getur falist sérstök ábyrgð, sérhæfing og sjálfstæði. |
| 4 | Skrifstofustjóri | Starfið felst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Í starfinu felst ábyrgð á samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki. |

3. Röðun í launaramma og launaflokka

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launarammar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Rammi A

Starfaflokkur 1	Saumakona	A06
	Vaktmaður	A07
	Næturvörður	A07
	Sérh. starfsmaður	A06
	Bókavörður	A06

Rammi B

Starfaflokkur 2	Þjónustustjóri	B02
	Ritari/hjúkrunarforstjóri	B02
	Móttökuritari	B02
	Innlagnafulltrúi	B03
	Skrifstofumaður	B02
	Gjaldkeri/símavörður	B04
	Læknaritari	B03
	Yfirlæknaritari	B04
	Matráðsmaður	B03
	Bókari	B05
	Yfirvaktmaður	B05
	Málningarviðhald fasteigna	B06

Rammi C

Starfaflokkur 3	Ræstingarstjóri	C01
	Garðyrkjustjóri	C01
	Launafulltrúi	C03
	Aðalféhirðir	C05

Rammi D

Starfaflokkur 4	Skrifstofustjóri	D06
-----------------	------------------	-----

Við flutning milli ramma skal starfsmaður aldrei raðast neðar í launatöflu 1.1.1 í kjarasamningi aðila en hann var fyrir flutninginn.

4. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

4.1. Starfsreynsla

Starfsmaður, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður í öllum römmum, með 1 árs starfsreynslu, skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður í A og B ramma, með 2 ára starfsreynslu, skal hækka um 1 launaflokk að auki
- starfsmaður í öllum römmum með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk að auki

4.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður sem hefur lokið þriggja vetra námi skal hækka um 2 launaflokka

4.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

4.4. Annað

- Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:
 - starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
 - starfið felur í sér flókin verkefni
 - starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
 - starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
 - starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
 - starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
 - starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
 - starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
 - starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunum samkvæmt þessum lið. Stofnunin skal leggja þær fram í samstarfsnefnd ef nefndin fer fram á það.
- Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metin sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

4. Endurskoðu og gildistími

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt 11. kafla í kjarasamningi SFR. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það. Samningurinn gildir frá og með 1. febrúar 2005.

Reykjavík 9. september 2005

F.h. SFR

F.h. Heilsustofnunar
Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI)

Samkomulag Heilsustofnunar Náttúruvæðingafélags Íslands (HNLFI) og SFR um reglur um röðun starfa vegna sjúkrannuddara.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til sjúkrannuddara í SFR sem hafa viðurkenningu sem heilbrigðisstétt frá heilbrigðisráðuneytinu.

2. Starfaflokkar

Launakerfið byggir á eftirfarandi starfaflokkum hvað sjúkrannuddara varðar:

2.1 Störf í launaramma

Almenn störf sjúkrannuddara raðast í ramma B skv. kjarasamningi SFR og SFH, enda vinna þeir sjálfstætt og bera sjálfir ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við greiningu, meðferð, ráðgjöf, fræðslu og þátttöku í þverfaglegri teymisvinnu á vegum stofnunarinnar.

2.2 Grunnröðun

Sjúkrannuddari	launaflokk	203
Sjúkrannuddari eftir 1 ár í starfi	launaflokkur	205
Sjúkrannuddari eftir 2 ár í starfi	launaflokkur	206
Sjúkrannuddari eftir 5 ár í starfi	launaflokkur	207
Yfirsjúkrannuddari	launaflokkur	210

Grunnröðun ásamt röðun vegna starfsaldurs er lágmarksröðun. Starf getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilgreindir eru í gr. 4.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1 Starfsnám/endurmenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

3.2 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

4. Launataflan

Sjúkranuddarar skulu taka laun samkvæmt sérstakri launatöflu. Sú launatafla er gerð til að ná fram þeim markmiðum að sjúkranuddarar skulu aldrei vera lægri í launum en 10% miðað við sjúkraþjálfara. Launatafla heitir, launatafla SFR vegna sjúkranuddara og hefur launaflokkana 201 til 216. Taflan tekur sömu hækkunum og aðrar launatöflur SFR.

5. Endurskoðun

Samningur tekur gildi frá og með 1. febrúar 2005.

Endurskoða skal samninginn þegar endurskoðun annarra vinnustaðasamninga SFR er gerð. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Hveragerði 9. september 2005

F.h. SFR – stéttarfélags í almannáþjónustu

F.h. Heilsustofnunar
Náttúrulækningafélags Íslands
(HNLFI)

Bókun:

Aðilar eru sammála um að túlkun og framkvæmd 4 gr. samningsins verði með eftirfarandi hætti:

Með þessu samkomulagi hefur náðs það markmið að launabilið milli sjúkranuddara og sjúkraþjálfara verði aldrei meira en 10%. Skrifstofa HNLFI mun sjá um að þetta bil haldist þar til aðilar hafa samið um annað.